

*Bæjarráð Hafnafjarðarbæjar*  
*Bæjarskrifstofur*  
*Strandgata 6*  
*220 Hafnafjörður*

Reykjavík, 29. janúar 2013

Efni: Atvinnu- og nýsköpunarhelgin

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin (ANH.is) er samstarfsverkefni Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs og Landsbankans. Á tímabilinu október 2012 til maí 2013 verða Atvinnu- og nýsköpunarhelgar haldar um allt land í samstarfi við sveitarfélög landsins. Fyrirhugaðir eru a.m.k. fjórir viðburðir í vetur. Markmið helganna er að virkja fólk til athafna og er hver helgi hugsuð sem vettvangur fyrir þá sem langar að koma eigin viðskiptahugmynd í framkvæmd eða taka þátt í uppbyggingu hugmynda annarra. Viðburðirnir standa yfir frá föstudegi til sunnudags og fá þátttakendur tækifæri til þess að vinna í hugmyndum sínum og njóta leiðsagnar og innblásturs frá sérfróðum aðilum.

Fyrir hvern viðburð leitar Innovit eftir breiðri samstöðu eins eða fleiri sveitarfélaga sem standa að viðburðinum. Þá er einnig leitað til svæðisbundinna fyrirtækja sem leggja viðburðinum lið með styrkveitingum vegna veitinga og verðlauna.

Óskað er eftir samstarfi við Hafnarfjörð og Garðabæ um framkvæmd Atvinnu- og nýsköpunarhelgar. Kostnaður vegna viðburðarins er 400.000,- kr. Einnig er óskað eftir því að sveitarfélögin skipi tengilið sem í samstarfi við Innovit skipuleggur kynningarstarf og framkvæmd viðburðarins. Undirbúningstími er um það bil einn mánuður fyrir setta dagsetningu.

Innovit og Landsbankinn kynntu samstarf um Atvinnu- og nýsköpunarhelgarnar í september 2011. Síðan þá hafa verið haldnir alls sjö viðburðir; á Suðurnesjum, Hornafirði, Reykjavík, Akureyri, Akranesi, Fjarðabyggð og Ísafirði. Um 350 manns hafa sótt helgarnar til þessa og hafa viðburðirnir lagt grunn að farvegi fyrir hugmyndir íbúa. Á mörgum stöðum hefur eftirfylgni viðburðanna síðan verið í höndum atvinnuþróunarfélags svæðisins. Atvinnu- og nýsköpunarhelgin er að erlendri fyrirmynd sem hefur reynst vel og eru viðlíka helgar haldnar um allan heim með mjög góðum árangri (e. Startup Weekend).

### **Fylgiskjal: Samantekt um Atvinnu- og nýsköpunarhelgina**

Með von um jákvæð viðbrögð,  
F.h. Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs

---

***Diljá Valsdóttir***

Verkefnastjóri Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar